

Miðvikudaginn 2. apríl 1952.

Kærumálið nr. 7/1952.

X

gegn

Y og Z.

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru 11. marz 1952, sem hingað barst 14. s. m., hefur sóknaraðili samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936 kært til Hæstaréttar frávísunardóm bæjarþings Akureyrar 6. marz þ. á. í máli sóknaraðilja gegn varnaraðiljum.

Krefst sóknaraðili þess *adallega*, að frávísunardómurinn verði ómerktur og lagt verði fyrir héraðsdómara að taka málið til meðferðar að efni til. *Til vara* krefst sóknaraðili staðfestingar frávísunardómsins, en málskostnaður verði látinn niður falla. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Varnaraðiljar krefjast staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 250.00.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Sóknaraðli, X, greiði varnaraðiljum, Y og Z, kr. 250.00 í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 6. marz 1952.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar þann 29. f. m., hefur stefnandi, X, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 15. des. s.l., á hendur Y, vegna sjálfrar hennar og sonar hennar Z, fædds 26. okt. 1945, og gerir þær dómkröfur, að viðurkennt verði með dómi, að hann sé ekki faðir nefnds drengs Z, og enn fremur, að viðurkennt verði, að honum

sé eigi skylt að greiða meðlag með honum. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefndu eftir reikningi eða mati dómara.

Af hendi stefndu er aðallega krafizt frávisunar, en til vara sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá er og krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda. Stefnandi krefst þess hins vegar, að frávisunarkröfunni verði hrundið. Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávisunarkröfuna sérstaklega samkvæmt 108. gr. laga nr. 85/1936, og verður einungis um hana dæmt að svo komnu.

Málavextir eru þeir, að því er stefnandi skýrir frá, að í júní 1945 hafi hann kynnt stefndu Y á Akureyri. Um haustið eftir þann 26. október ól stefnda sveinbarn. Þann 20. desember næst á eftir gengu þau stefnandi og stefnda í hjónaband, og var drengurinn skírður um leið og gefið nafnið Z. Stefnandi telur, að sér hafi verið ljóst, að hann var ekki faðir drengsins, en kveðst þó hafa fallizt á eftir tilmælum stefndu, að hann væri talinn faðir drengsins og drengurinn við hann kenndur sem sonur hans. Þann 26. nóvember 1948 fengu þau hjón leyfisbréf til skilnaðar að borði og sæng, og þann 30. marz 1950 var lögskilnaður gerður með þeim. Í skilnaðarskilmálanum er svo kveðið á, að stefnandi skyldi hafa forræði barns þeirra, er fæðzt hafði í hjónabandi þeirra, en stefnda skyldi hafa forræði drengsins Z og stefnandi skyldi greiða meðlag með honum til 16 ára aldurs. Stefnandi telur meðlagsskyldu þessa reista á röngum forsendum, þar sem hann sé ekki raunverulegur faðir drengsins. Hann hefur þó hingað til innt hana af hendi, en vill nú losna undan henni, enda er hann kvæntur aftur og hefur fyrir heimili að sjá.

Af hendi stefndu er því haldið fram, að heimild stefnanda til véfengingar á faðerni sínu að drengnum sé ekki fyrir hendi. Stefnandi hafi gengizt við faðerni drengsins fyrir sóknarpresti, samtímis því að hann gekk að eiga móður hans. Véfengingarkrafan sé því óheimil nú, sbr. lög nr. 57/1921, 3. gr. sbr. 8. gr., og beri því að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi telur hins vegar, að ofangreindar lagatiltvitnanir eigi ekki hér við, og hljóti hann að eiga rétt á að fá efnisdóm á mál þetta. Barnið sé ekki skilgert samkvæmt 37. gr. laga nr. 46/1921, sem voru í gildi á þessum tíma, sökum þess að þau hafi ekki átt það saman, en það sé skilyrði fyrir skilgerð samkvæmt þeirri grein. Þá heldur hann því fram, að hann hafi ekki raunverulega gengizt við faðerni barnsins, þótt hann hafi samþykkt, að það yrði við hann kennt. Til þess að um slíka faðernisviðgöngu geti verið að ræða, þurfi beina yfirlýsingu þar um, en um hana hafi hér ekki verið að ræða. Krefst hann því þess, að frávisunarkröfu stefndu verði hrundið.

Telja verður, að áliti dómarsins, að stefnandi hafi gengizt við faðerni drengsins, er hann var með vitund hans og samþykki skráður hans barn í prestsþjónustubók, um leið og hann var skírður og stefnandi samþykkti, að drengurinn væri við hann kenndur sem hans barn. Er drengurinn því skilgerður samkvæmt 37. gr. laga nr. 46/1921. Nú er hvort tveggja samkvæmt 3. gr. laga nr. 57/1921, sbr. 8. gr., að mál til véfengingar faðerni barns skal höfða innan 6 mánaða, frá því sá, er vefengja vill, vissi um

fæðingu þess, og því aðeins má höfða slíkt mál, að hann hafi ekki gengizt við faðerninu eftir fæðinguna. Brestur því heimild til höfðunar máls þessa, og ber því að vísa því frá dómi.

Mál þetta var lagt til sátta fyrir sáttanefnd, en stefnda sótti ekki né lét sækja sáttafund. Útivist af sáttafundi varðar þó ekki viðurlögum, þar sem mál þetta er eitt þeirra mála, er héraðsdómara ber að leita sátta í samkvæmt 5. gr. laga nr. 85/1936.

Friðrik Magnússon hdl. hefur samkvæmt 3. gr., 2. mgr., laga nr. 57/1921 verið skipaður talsmaður drengsins Z. Stefnandi hefur véfengt, að málflutningsumboð hans geti byggt á nefndri skipun, þar sem málið sé ekki þeirrar tegundar, sem um ræðir í nefndri lagagrein. Samkvæmt því, sem áður var sagt, er ekki á það fallizt. Í tilvitnaðri lagagrein segir, að þegar dómari telur lögráðamann ekki færán um að gæta réttar barns í véfengingarmáli um faðerni, skuli dómari setja því svaramann á ríkiskostnað. Þykir verða að skilja ákvæði þetta svo, að barn skuli hafa sama rétt og gjafvarnarhafi, að því er varðar þóknun svaramanns. Samkvæmt því verður niðurstaða máls þessa, að því er málskostnað varðar, sú, að stefnanda ber samkvæmt 180. gr. laga nr. 85/1936 að greiða stefndu Y málskostnað, sem ákveðst kr. 300.00, og talsmannslaun Friðriks Magnússonar, skipaðs talsmanns drengsins Z, kr. 250.00.

Friðjón Skarphéðinsson bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu visast frá dómi.

Stefnandi, X, greiði málskostnað, kr. 550.00, þar af kr. 300.00 til stefndu Y og talsmannslaun Friðriks Magnússonar, skipaðs talsmanns drengsins Z, kr. 250.00, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 4. apríl 1952.

Nr. 172/1948. X (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Y (Enginn).

Ómerking héraðsdóms. Kröfum vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Stefndi, sem löglega hefur verið birt áfrýjunarstefna í máli þessu, útgefin 23. desember 1948, hefur hvorki sótt né látið sækja þing í Hæstarétti. Er málið því flutt skriflega sam-